

**514. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 27. júní 2017
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir, varamaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÖP), aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ), Aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Ásgeir Jónsson, varaoddviti

Oddviti hefur boðað forföll og tekur Berglind Eir sæti hans á fundinum því stýrir varaoddviti fundi.

Varaoddviti kannaði hvort væru athugasemdir við boðun fundarins. Svo var ekki þannig að fundurinn skoðast lögmætur og settur

Dagskrá:

1. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 26 - 1705005F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 26. fundar Byggingar-,skipulags og umhverfisnefndar. Fundargerðin er í 5 liðum,

1.1 1705040 - Miðtún 1. Breytt notkun og skráning.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingar, skipulags og umhverfisnefndar.

1.2 1705045 - Móatún 13. Umsagnarbeiðni, gististaður í fl. II.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum dags. 18.05.17 með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki II að Móatúni 13, Tálknafirði að hámarki 10 gestir. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykka uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Húsið stendur í skilgreindu íbúðarhverfi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykka uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé. Húsið stendur í skilgreindu íbúðarhverfi. Einnig vil sveitastjórn áréttta að ekki eru nema 2 bílastæði við viðkomandi húsnæði

1.3 1706010 - Deiliskipulag - Þinghóll.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar.

1.4 1706009 - Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar.

1.5 1706011 - Aðalskipulagsbreyting - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar, skipulags og umhverfisnefndar og felur Sveitarstjóra að kynna tillöguna í samræmi við 2. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

2. Aðalfundarboð: Aðalfundur og kynningarfundur Vestfjarðarstofu. - 1706017

Sveitarstjórn fagnar því að fiskeldisfyrirtæki sýni áhuga á vinna með sveitarstjórnnum á svæðinu og lýsir vilja sínum til þess að taka þátt í fundum sem þessum við fyrsta tækifæri.

Samþykkt samhljóða.

3. Reikningur: Reikningur v, Hitaveituf framkvæmda - 1706018

Reykningurinn er samþykktur og sveitastjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig vill sveitarstjórn minna á að unnið sé eftir fjárhagsáætlun við framkvæmdir í sveitarfélaginu og eins verði sett upp verkbeiðnakerfi fyrir framkvæmdir sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða

4. Niðurfærsla viðskiptakrafna: Beiðni um heimild til niðurfærslu á viðskiptakröfu. - 1706019

Frestað þar sem enginn fylgigögn eru með málinu

Samþykkt samhljóða.

5. Kjör Oddvita: Kosning oddvita til eins árs. - 1706020

Þar sem ekki hefur hefur náðst í oddvita til að kanna hvort hann gefi kost á sér áfram er liðnum

Frestað til næsta fundar

Samþykkt samhljóða

6. Kosning varaoddvita: Kosning varaoddvita til eins árs - 1706021

Kosning varaoddvita: Kosning varaoddvita til eins árs

Frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

7. Ársreikningur 2016: Kynning fyrir íbúa. - 1706022

Sveitarstjórn leggur til að valin verði dagsetning á bilinu 8-14 Júlí.

Og felur Varaoddvita að vinna með sveitastjóra í að finna dagsetningu og auglýsa Íbúafund.

Samþykkt Samhljóða

8. Hitaveita: Kynning á stöðu, næstu skref. - 1706023

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:58.

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Berglind Eir Egilsdóttir

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)